

Tillögur Eypings að áhersluverkefnum 2015

Verkefni 5	Grunngerð og mannauður í menningarstarfi II
Markmið	Að til verði heildstæður gagnagunnur um grunngerð og mannauð í menningu sem verður gerður aðgengilegur á einfaldan hátt á vefsvæði Eypings.
Stutt verkefnislýsing (hvaða vandamál á að leysa?)	<p>Verkefnið byggir á grunni eldra sóknaráætlunarverkefnis þar sem markmiðið var að gera gagnagrunn yfir grunngerð og mannauð í menningarstarfi á svæðinu. Mjög lítið var til af gögnum um menningarstarf á svæðinu og með verkefninu átti að bæta úr því. Sótt var um fyrri hluta verkefnisins sem gekk út á að safna upplýsingum í gagnagrunninn. Seinni hlutinn sem framkvæma á nú er að gera gögnin aðgengileg á netinu (heimasíðu Eypings) með það að markmiði að almenningur geti að nýtt sér gögnin. Smíða þarf leitarvél sem getur leitað eftir flokkum og innan hvers flokks á mismunandi hátt og eftir mismörgum breytum. Leita þarf til tölvufyrirtækis til að vinna verkið.</p> <p>Meðfram þessari vinnu verður grunnurinn yfirfarinn, en menning er lifandi og breytist hratt, nýir einstaklingar flytja á svæðið og aðrir í burtu. Nýir viðburðir verða til og festa sig í sessi og svona mætti lengi telja. Ráðinn verður starfsmaður tímabundið til að uppfæra gagnagrunninn.</p> <p>Einnig er verið að vinna að útfærslu hugmynda um að nýta hluta gagnanna til að gera listaslóðir (Art trail) á starfssvæði Eypings. Með því yrði menningarstarf á svæðinu markaðssett á rafrænan máta fyrir heimamenn og gesti.</p>
Framkvæmdaaðili	Menningarfulltrúi Eypings
Samstarfsaðilar	Leitað verður til Stefnu, tölvufyrirtækis á Akureyri við smíði leitarvélarinnar
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	<p>Verkefnið stuðlar að fjölbreyttu menningarlífi á starfssvæði Eypings og eykur með því lífsgæði íbúanna en það er eitt af meginmarkmiðum Sóknaráætlunar Norðurlands eystra (bls. 12). Einnig auðveldar það samstarf aðila á svæðinu á sviði menningar.</p> <p>Menningarstarf verður aðgengilegt og auðveldar bæði menningarstofnunum og fólki starfandi í menningargeiranum leit að samstarfsaðilum, húsnæði til menningarstarfs og fl.</p>
Árangursmælikvarðar (afurðir og áhrif á samfélagið)	Gagnagrunnurinn verður aðgengilegur á menningarhluta vefsíðu Eypings og leitarvél smíðuð til að hægt sé að nýta grunninn á markvissan hátt.
Lokaafurð	Aðgengileg leitarvél fyrir uppfærðan gagnagrunn um grunngerð og mannauð í menningu á Norðurlandi eystra.
Tímarammi	Október 2015 – febrúar 2016
Áætlaður kostnaður	3.000.000
Framlag úr sóknaráætlun 2015	3.000.000

